

**1. fundur ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. nóvember
2017 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Eva María Einarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Fundarmenn:

Bjarni Pétur Jónasson, Vigdís Pála Halldórsdóttir, Birna Sigurðardóttir, Arnar Áki Sigurðsson, Guðrún Ósk Ólafsdóttir, Jóhanna Gísladóttir og Helena Haraldsdóttir. Eva María Einarsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðva sat einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Ungmennaráð Ísafjarðarbæjar - Erindisbréf og skipan í trúnaðarstörf - 2017110025

Lagt fram samþykkt erindsbréf ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar og til samanburðar erindisbréf ungmennaráðs Seltjarnarness, þar sem ekki er notast við fulltrúalýðræði eins og gert er ráð fyrir í erindisbréfi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.

Ungmennin sem mætt voru til fundarins leggja til að gerðar verði breytingar á erindisbréfinu í samræmi við umræður á fundinum. Lagt er til að ungmennaráðið starfi samkvæmt beinu lýðræði en ekki eftir fulltrúalýðræði eins og erindisbréfið gerir ráð fyrir.

2. Ungmennaráð - önnur mál - 2017110026

Íþróttá- og tómstundanefnd hefur óskað eftir að ungmennaráð komi að endurskoðun íþróttá- og tómstundastefnu.

Ungmennaráð tekur vel í beiðnina og mun fjalla um stefnuna á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10

Margrét Halldórsdóttir

Eva María Einarsdóttir